



## **HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR**

### **SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2013**

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið

1. janúar til 31. desember 2013.

Reykjavík, 2. maí 2014

Gunnar Finnsson

Edda Bergmann

Guðrún Pétursdóttir

Ottó Schopka

Þórunn Þórhallsdóttir

## ADALFUNDUR 8. MAÍ 2014

### SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 13. maí 2013. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Gunnar Finnsson; varaformaður Guðrún Pétursdóttir; ritari Ottó Schopka; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Edda Bergmann. Varamenn: Baldvin Jónsson og Guðný Daníelsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason. Varamenn hafa setið stjórnarfundum og tekið fullan þátt í störfum stjórnarinnar. Þá samþykkti Edda Heiðrún Backman, heiðursfélagi HG, að vera áfram sérlegur ráðgjafi samtakanna, einkum í málum er snerta fjáröflun og kynningu. Stjórnin hefur notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

#### *Helstu atburðir*

Grensásdeild átti 40 ára afmæli á árinu og var því fagnað með fjölda gesta þann 30. maí. Deildinni bárust margar gjafir þar á meðal frá HG, að ósk stjórnenda deildarinnar, mikið safn ljósmynda af starfinu sem fram fer á deildinni. Við þetta tækifæri var á það bent að á húsnæðisskortri deildarinnar hefur enn ekki verið tekið; og að á þessum 40 árum hefur einungis þjálfunarlaug verið bætt við en á því tímabili hefur þjóðinni fjölgað um meira en 40% og þeim, sem endurhæfingu þurfa, hefur fjölgað hlutfallslega meira.

Þess vegna eins og áður var lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar áfram aðalverkefni HG á árinu en hægt miðar áfram í þeim málum. Stækkun bílastæðisins við aðalinngang Grensásdeildar og yfirbyggingu hluta þess, sem lokið var við síðla árs 2012 og fjármagnað að mestu með fé sem safnaðist í *Á rás fyrir Grensás* söfnunarátakinu eru einu framkvæmdirnar sem hafa átt sér stað. Í sambandi við húsnæðisvandann er rétt að rifja upp að í skýrslu stjórnar fyrir árið 2012 var bent á að heildarkostnaður 2013 við endurbætur og stækkun á húsnæðiskosti Grensásdeildar næmi um 1.100 m.kr.. Jafnframt var bent á að allar kröfur um aðbúnað sjúklinga hafa gærbreyst síðan 1973, sem kalla á bráðnaðsynlegar breytingar á húsnæðinu til að draga úr sýkingarhættu, auka öryggi sjúklinga og starfsfólks, tryggja rétt sjúklinga til einkalífs og bæta aðstöðu til iðju- og sjúkrapjálfunar. Með bættum og stækkuðum húsakosti er áætlað að fjöldi þeirra sjúklinga sem deildin útskrifar og geta horfið til fullra starfa á ný mundi aukast um 20% á ári. Þá mætti ná miklum sparnaði í rekstrarkostnaði LSH með því að greiða fyrir flæði sjúklinga til Grensásdeildar, en legukostnaður þar er miklum mun lægri en á öðrum deildum spítalans.

Skýrslan greindi jafnframt frá því að fyrir milligöngu Hollvina Grensásdeildar hefðu nokkrir lífeyrissjóðir lýst sig reiðubúna til viðræðna um fjármögnun framkvæmdanna. Það ber að hafa í huga í þessu sambandi að lífeyrissjóðir hafa mikinn hag af endurhæfingu og að hún sé sem skilvirkust vegna þess að endurhæfing og sá árangur sem hún skilar hefur bein áhrif á upphæð og lengd bótagreiðslna í hverju tilvik.

Velferðarráðherra var tilkynnt um þetta tilboð í desember 2012 og farið fram á viðræður um mögulega framkvæmd þess en svar hefur aldrei borist þrátt fyrir skriflegar ítrekanir. Stjórn HG vill því endurtaka að hún skilur vel að aðra forgangsröðun getur þurft að hafa en finnst það afar óásættanleg framkoma gagnvart lífeyrissjóðunum og HG að sýna ekki þá lágmarkskurteisi að svara. Ekki síst þegar hér er um að ræða endurhæfingarstarfsemi sem er þjóðinni afar arðbær, en miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra voru á sex árum skatttekjur ríkisins af þeim sjúklingum, sem deildin útskrifar á einu ári og sem gátu horfið til fullra starfa á ný, hærri upphæð en sem nam heildarkostnaði Grensásdeildar árið sem þeir voru þar. Þá er ótalinn sparnaðurinn vegna örorkubóta og lífeyris sem ella hefði þurft að greiða.

### *Kynningarstarf*

Nefndasvið Alþingis sendi 25. janúar HG, og öðrum aðilum, til umsagnar drög að þingsályktunartillögu um velferðarstefnu- heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Það var helst í umsögn stjórnar HG að samtökin fögnuðu þingsályktunartillögu og þeirri framtíðarsýn er þar birtist en teldu jafnframt nauðsynlegt að í tillögunni verði sett fram tvö mikilvæg atriði. Það fyrra er þjóðhagsleg arðbærni fyrirhugaðra framkvæmda eða aðgerða á heilbrigðissviðinu; það seinna er viðurkenning á og sérframsætning á velferðarstefnu fyrir endurhæfingu, eins og gert er í tillögunni hvað geðvernd snertir. Velferðarnefnd óskaði síðan eftir að HG kæmu á fund hennar og fóru formaður og ritari fyrir hönd stjórnarinnar, kynntu umsögn samtakanna og svöruðu spurningum. Lokadrög að þingsályktunartillögunni liggja enn ekki fyrir. – Þá jókst kynning á starfsemi Grensásdeildar á árinu. Þannig var fyrir atbeina HG þátturinn *Samfélagið í nærmynd* í beinni útsendingu frá deildinni þ. 26. apríl, afmælisdag deildarinnar. Þá má nefna að varaformaður flutti kynningu fyrir Rotaryfélagi og formaður og ritari fyrir Lionsfélagi. Einnig var svarað fyrirspurnum frá fjölmiðlum.

### *Tækjagjafir*

Á árinu veittu HG 4,8 m. kr. til kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði, sem Grensásdeild hefur skort. Meðal þess sem keypt var voru: Fyrir hjúkrun: Standar fyrir öndunartæki, sér hita rakatæki og tengdur búnaður, skol- og þurkbúnaður, rúm og náttborð; Fyrir talmeinaþjónustu: Raftæki og annar sérútbúnaður; Fyrir iðjuþjálfun: handþjálfunartæki, sérútbúnaður, rafknúid vinnuborð og nokkur rafmagnstæki; Fyrir sjúkrahjálfun: iPad; og margt fleira.

### *Fastar tekjulindir*

*Basar:* Helsta tekjulind samtakanna á árinu var basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju þ. 23. nóvember og skilaði að frádregnum kostnaði 739 þús. kr., sem er um 424 þús. kr. minna en árið áður en það var óvenjulegt ár hvað magn og fjölbreytni sölumuna snerti. Fjöldinn allur lagði HG liðveislu til að ná þessum engu síður góða árangri með því að gera og/eða leggja til fallega muni, fatnað, kökur og annað til sölu á basarnum og aðstoða við basarinn sjálfan. Í þeim hópi voru m.a. starfsfólk á Grensásdeild og félagar í bifhjólasamtökunum Sniglunum. Þá studdi Grensáskirkja atburðinn með miklum afslætti á leigu og Sjóva tryggði sölumuni án iðgjalds.

*Félagsgjöld:* Innheimt félagsgjöld á árinu voru 376,5 þúsund krónur.

*Minningarkort:* Þýðingarmikil tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 173,5 þús. kr. á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þórólfsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, því hún hefur tekið að sér í aukavinnu, að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

### *Styrkir*

*Reykjavíkumaraþon:* Öll þau sem hlupu Reykjavíkumaraþonið fyrir HG söfnuðu þar með 479 þús. kr. fyrir samtökin.

*Sniglarnir:* Auk stuðnings þeirra við basarinn styrktu Sniglarnir HG með 150 þús. kr.. Stuðningurinn sem Sniglarnir hafa reglulega veitt HG gegnum árin er ómetanlegur.

*Smartmedia:* Fyrirtækið, sem hannaði vefsíðu HG upphaflega endurgjaldslaust og sem hefur vistað hana síðan gegn árgjaldi, ákvað að fella gjaldið niður. Þessi rausn sparar samtökunum 60 þús. kr. á ári.

*Edda Heiðrún Backman og Þórarinn Eldjárn* sýndu starfsemi Grensásdeildar þann einstaka höfðingsskap að gefa HG sölulaun sín af bókum þeirra *Ása* og *Erla* og *Vaknaðu Sölvi*. Voru það 2,956 m. kr..

*René Kujan:* René missti allan mátt í fótum fyrir sex árum eftir slys í heimalandi sínu Tékklandi. Hann fékk máttinn aftur eftir miklar æfingar og ákvað að sýna þakklæti sitt með því að hlaupa sem víðast og safna í leiðinni áheitum fyrir þau sem ekki hafa verið eins lánsöm og hann. René hljóp einn þvert yfir Ísland

frá norðri til suðurs og safnaði áheitum að upphæð 220 evrur (34.027 kr.). Áheiti áttu að skiptast jafn milli Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) og HG en ÍF ákvað að þau skyldu renna óskipt til HG.

*Aðrir einstaklingar:* Mörg framlög bárust í formi fjár, muna eða vinnu en gefendur vildu ekki láta nafns síns getið. Má þar sérstaklega nefna að ung verðandi hjón ákváðu fyrir brúðkaup sitt að afþakka allar gjafir en báðu boðsgesti að láta í þess stað styrk renna til HG. Þessi höfðinglega ákvörðun færði samtökunum 468 þús. kr.. Vistmaður á Grensásdeild færði HG 100 þús. kr.; og á níráðisafmæli sínu gaf annar maður 75 þús. kr. til minningar um konu sína, sem hafði dvalist á deildinni. Þá gáfu hjón 1 m.kr. með þeirri ósk að þeim yrði varið til að bæta aðbúnað í sjúkrahæbergjum á Grensásdeild og gera þau hlýlegri og vistlegri.

#### *Fjárhagur*

Eins og fram hefur komið er starfsemi tengd *Á rás fyrir Grensás* aðskilin frá annarri starfsemi HG og gilda sérstakar reglur um hvernig ráðstafa megi söfnunarfénu. T.d. skal fé eingöngu varið til nýbygginga eða viðbóta við húsnæði Grensásdeildar og að því loknu, eða fyrr ef kringumstæður réttlæta, til kaupa á háþróuðum tækjum og útbúnaði til endurhæfingar; fé skal ekki varið til reksturs Grensásdeildar.

Innistæður á reikningum *Á rás fyrir Grensás* eru helstu eignir samtakanna. Í árslok 2013 námu þær samtals 87,002 m. kr.. Til að draga úr áhættu hefur ávöxtun söfnunarfjárins verið dreift milli Arion banka, Íslandsbanka og Sparisjóðs Suður Þingeyinga. Um skammtíma ávöxtun er að ræða og mjög íhaldssamri stefnu fylgt þar sem megin áherslan er á ríkistryggð skuldabréf og víxla og bankareikninga með stuttan bindistíma.

Í árslok 2013 námu skuldlausar eignir HG sjálfra 4,328 m.kr. og heildareignir samtakanna 93,796 m. kr.. Stjórnin vill í sambandi við ársreikningana sérstaklega geta þeirrar rausnar skoðunarmannanna Valdimars Guðnasonar og Valdimars Ólafssonar að endurskoða aftur endurgjaldslaust reikninga samtakanna, og jafnframt þakka PWC fyrir fjölritun þeirra.

#### *Félagatal og árgjald*

Félögum í HG fjölgaði áfram á árinu eru nú 283. Árgjaldið, sem hafði verið 1.000- krónur frá stofnun samtakanna 2006 var hækkað fyrir þremur árum í 1500 krónur. Þrátt fyrir rýrnandi kaupmátt krónunnar leggur stjórnin til að árgjaldið haldist óbreytt.

#### *Vefsíða*

Vefsíða HG, [www.grensas.is](http://www.grensas.is), sett upp 2009, var uppfærð og endurbætt á árinu með það að markmiði að gera hana að enn meira lifandi gagni. Kostnaðurinn við verkið nam 250 þús. kr.. Viðbrögð hafa verið góð.

#### *Starfsáætlun komandi árs*

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á stuðning við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

#### *Lokaorð*

Stjórnin þakkar af alhug öllum þeim, sem stutt hafa starf HG á árinu en þessi stuðningur er samtökunum ómetanleg hvatning. Þá vill stjórnin sérstaklega votta starfsfólki Grensásdeildar virðingu sína og aðdáun fyrir hið frábæra starf sem það hefur unnið, oft undir afar erfiðum kringstæðum einkum hin seinustu ár. Án þessara fágætu einstaklinga væri Grensásdeild ekkert.

-----